

Nd.

212. Nefndarálit

[93. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ef rétt þykir að veita fleiri undanþágur frá greiðslu aðflutningsgjalda en þegar eru ákveðnar í lögum, tel ég, að um það eigi að setja glögg lagafyrirmæli á Alþingi. Hitt tel ég mjög vafasamt að veita ríkisstjórninni heimild til að ákveða slíkar undanþágur, eins og stefnt er að með frumvarpi þessu.

Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1965.

Skúli Guðmundsson.